

Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 7. júlí 2020
Mál nr. US200213
USK2020060064

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins úr borgarráði um grjóthrúgur við Eiðisgranda – Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs

Vísað er í fund skipulags- og samgönguráðs 1. júlí s.l. þar sem óskað var umsagnar UST um fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði um „grjóthrúgur“ við Eiðisgranda.

Umsögn:

Markmið með frágangi með stígum við Eiðisgranda kemur fram í deiliskipulagi og er í stuttu máli að breyta svæðunum yfir í náttúrulegt yfirbragð með strandgróðri.

https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Eidsgrandi_Ananaust_strandgardur_16_03_2017.pdf

Gróðuruppbygging

Í deiliskipulaginu er lagt til að gróður verði stór hluti af yfirbragði svæðisins og ásjúnd þess. Lögð er áhersla á að styrkja líffræðilega fjölbreytni og að það endurspeglst í gróðurvali. Taka skal mið af staðhættum og velja strandplöntutegundir sem þrífast í návigi við hafð L.a.m., meigrasi, sæhvönn, fjörúkal, bláirjú og baldursbrá. Sérstaklega skal stefnt að því að byggja upp fjölbreytta gróðurþekju á vannýttum eða röskuðum svæðum og svæðum þar sem gróðurþekja er rýr eða fábreytt. Stefnt skal að aukinni sjálfbærni með því að hanna gróðursvæði sem krefjast minni umhirðu og sem þurfa ekki slátt. Efla skal svæðið sem uppsprettu fræðslu og náttúruupplifunar.

Manirnar eru ekki grjóthrúgur heldur er þetta uppgröftur úr stígnum og lag af mól yfir. Það var verið að vinna verkið í kappi við veturinn og vannst ekki tími til að huga nægilega vel að frágangi. Ákvörðun um mölina var ekki mikið ígrunduð og manirnar höfðu ekki verið hannaðar heldur unnar beint í landið. Manirnar urðu óþarflega háar og sérstaklega ein mönin sem er of há og of brött og lokar sýn úr Rekagrandu.

Það stóð alltaf til að græða upp manirnar með gróðri sem ekki væri hægt að hefja fyrr en að vori.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um að laga manirnar, lækka þær og laga betur að landinu. Síðan verður sáð og gróðursettur strandgróður í svæðið.

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða